



ÁRSSKÝRSLA

VÍSINDASJÓÐS

Félags framhaldsskólakennara
og Félags stjórnenda í framhaldsskólum
2018

„Barn, kennari, bók, penni geta breytt heiminum“

Malala Yousafzai

Stjórn Vísindasjóðs FF og FS (Vís) skipa fyrir hönd FF Ólafur Þórisson (MS) sem er formaður og Jón Ragnar Ragnarsson (MH) og Kolbrún Kolbeinsdóttir (TS). Gísli Þór Sigurþórsson (MS) var varamaður fyrir FF þar til hann lét af störfum í ágúst og Dröfn Viðarsdóttir (FVA) er til vara fyrir FS. Starfsmaður sjóðsins í 50% starfi er Steinunn Inga Óttarsdóttir.

Stjórnin fundaði alls átta sinnum á árinu 2018, 31. janúar, 21. mars, 18. apríl, 16. maí, 18. september, 30. október, 20. nóvember og 11. desember. Fundargerðir má lesa á vef KÍ: <http://ki.is/um-ki/annad/fundargerdir/visindasjodur-ff-og-fs>

Úthlutanir á árinu voru með venjubundnum hætti. Úthlutunar- og verklagsreglur sjóðsins voru endurskoðaðar í samvinnu við stjórn FF og FS á sameiginlegum fundi þann 20. nóvember og samþykktar óbreyttar. Á fundinum var rætt um að hækka styrkuppghæðir vegna skólaheimsóknar og sýningar og þótti það góð hugmynd. Þann 11. desember kom sjóðsstjórn saman og ákvað eftir kostnaðarmat í samráði við hagfræðing KÍ að óhætt væri að hækka styrk vegna fagsýningar úr 80.000 krónum í 100.000 og styrk til skólaheimsóknar úr 100.000 krónur í 130.000.

Hér má sjá helstu upplýsingar um **úthlutun styrkja 2018**:

Styrkur	Fjöldi afgreiddra umsókna	Samtals úthlutað kr.
A styrkur	1357	101,637,434
B Skólaheimsókn	259 (7 skólar) ¹	25,228,807
B Einstaklingsstyrkur	230	27,048,340
B ECTS einingar	86	9,359,700
B Námsorlof	27	6,044,123
SAMTALS	1959	169,318,404

Afgreiddar umsóknir 2018 voru færri en árið á undan eða 1959 talsins. Árið 2017 voru umsóknir 2023, 2016 voru 2096 en árið 2015 voru um 1850 styrkir veittir og rétt rúmlega 1800 árið 2014.

Í nóvember 2018 voru félagsmenn FF 1687 talsins (1003 konur, 684 karlar).

Á næstu töflu má sjá **fjölda afgreiddra umsókna 2016-2018**.

¹ FÁ, FÍV, FMOS, FVA, KVSK, ME, MH

Afgreiddar umsóknir	2016	2017	2018
A styrkur	930	1391	1357
B Skólaheimsókn	253	305	259
B Einstaklingsstyrkur	285	222	230
B ECTS einingar	83	77	86
B Námsorlof	27	27	27
	2082	2023	1959

Á þessari töflu má sjá yfirlit um **úthlutun styrkja í milljónum, 2014-2018:**

Úthlutun styrkja	2014	2015	2016	2017	2018
A styrkur	73,9	71,3	93	93,4	101,6
B Skólaheimsókn	12,8	33,5	24	28,1	25,2
B Einstakl.styrkur	28,8	9,9	35,3	26,7	27
B ECTS einingar	6,1	5,8	8,5	8,1	9,4
B Námsorlof	7,6	8,5	11,2	7,6	6
SAMTALS	129,2	129	172	164	169,3

Bókhaldskerfið DK hefur verið notað fyrir sjóðinn í áraraðir til að taka á móti og afgreiða umsóknir, færa inn skilagreinar frá launagreiðendum o.fl., og er aðskilið frá DK-kerfi KÍ sem aðrir sjóðir nota. Einungis starfsmaður sjóðsins, sem fer yfir og samþykkir umsóknir, og gjaldkeri KÍ, sem greiðir styrkina út, hafa aðgang að DK-kerfi Vísindasjóðs.

Enn er unnið að nýju viðmóti og uppsetningu á Mínum síðum hjá Advania og miðar afar hægt. Þróunarvinnan fer aðallega fram hjá sjóðasviði KÍ og áætlað er að hægt verði að gera sömu uppfærslur hjá Vísindasjóðnum þegar þar að kemur. Kostnaðarmat liggur ekki fyrir.

Gerður var þjónustusamningur við KÍ um afnot af húsnæði, þjónustu galdkera o.fl., sem undirritaður var 5. desember 2017. Kostnaður er að því að hýsa starfsemi og skrifstofu sjóðsins á Laufásvegi 81 nam samtals 2,262,968 kr , þ.e. hlutur sjóðsins í launum gjaldkera er 1,320,421 krónur og starfstengdur kostnaður miðað við 50% stöðugildi, 1,067,263 kr. Launakostnaður starfsmanns í hálfu starfi er 6,821,506 kr og laun fjögurra manna stjórnar eru 514,075 kr. Sjá nánar í ársreikningum sjóðsins.

Endurskoðandi gerði engar athugasemdir við rekstrarreikning 2018.

Staðan á bankareikningi sjóðsins 31. desember 2018 var 265,685,994 kr. ,

Starfsemi sjóðsins gengur vel. Sjóðsstjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og hægt er að beina erindum til hennar í netfangið visffogfs@ki.is.

Það er skýr stefna sjóðsstjórnar að Vísindasjóður FF og FS sé sjálfstæð eining sem þjóni félagsmönnum sínum innan vébanda KÍ og dafni þar í friði og sátt til framtíðar.

Reykjavík, 26. mars 2019

Ólafur Þórisson

Formaður stjórnar Vísindasjóðs FF og FS